

Skagastál ehf
Kt. 630401-2240
Ggunnarsson79@gmail.com
Fellsenda
301 Akranes

HVALFJARÐAR
SVEIT



Hvalfjarðarsveit
Innrímel 3
301 Akranes
Sími 433 8500
Kt. 630606-1950

26. febrúar 2026

2602035

Fellsendi L 133625 - Aðalskipulagsbreyting og nýtt deiliskipulag.

Tilkynning um afgreiðslu máls

Á 59. fundi umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar-, og landbúnaðarnefndar Hvalfjarðarsveitar þann **18.2.2026** var gerð eftirfarandi bókun:

Lögð er fram skipulagslýsing fyrir aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulag í landi Fellsenda, L133625.

Landeigandi Fellsenda hyggst setja á stofn fornbílasafn á landinu auk annarrar þjónustu, s.s. veitingar og fjölbreytta afþreyingu á rúmlega 19 ha svæði. Landið er skilgreint sem landbúnaðarland í Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 og er innan varúðarsvæðis/þynningarsvæðis stóriðjuveranna á Grundartanga.

Framkvæmdin kallar á breytingu á aðalskipulaginu þar sem skilgreint er verslunar- og þjónustusvæði. Samhliða breytingu á aðalskipulagi er gert ráð fyrir að vinna deiliskipulag fyrir svæðið. Unnin verður sameiginleg umhverfismatsskýrsla fyrir bæði verkefni. Skipulagslýsing þessi tekur til aðalskipulagsbreytingar og nýs deiliskipulags.

Aðalskipulagsbreytingin er unnin í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og deiliskipulagið er unnið í samræmi við 37. gr. laganna. Bæði skipulögin eru unnin í samræmi við 2. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd samþykkir að auglýsa skipulagslýsingu að breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032, fyrir Fellsenda L133625, skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Endanlegri afgreiðslu vísað til sveitarstjórnar.

Á 437. Fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar sem haldinn var 25.2.2026 var tekið fyrir: Fellsendi L 133625 – Aðalskipulagsbreyting og nýtt deiliskipulag

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

"Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar staðfestir bókun nefndarinnar og samþykkir að auglýsa skipulagslýsingu að breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032, fyrir Fellsenda L133625, skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010."

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,

Jökull Helgason
Deildarstjóri Umhverfis- og skipulagsdeildar Hvalfjarðarsveitar
skipulag@hvalfjardarsveit.is

Afrit sent: Erlu B. Kristjánsdóttur, Verkís, ebk@verkis.is